



GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 15.12.2008.

KA SVÆÐI - LUNDARSKÓLI - LUNDARSEL

BREYTING Á DEILISKIPULAGI FELST Í EFTIRFARANDI:

- Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að aðal knattspyrnavöllur KA sem staðsettur er vestan íþróttahúss KA verði lagður knattspyrnu-grasi. Sú breyting er gerð að gert er ráð fyrir að þessi völlur verði með náttúrulegu grasi en að knattspyrnavöllur sunnan KA heimilis verði þessi í stað lagður knattspyrnu-grasi (gervigrasi). Stærð vallarins er 68 x 105 m og gert er ráð fyrir að öryggissvæði hans verði 76 x 115 m. Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga skal öryggissvæði umhverfis völl sem er 68 x 105 m vera 80 x 120 m. Þó er hægt að fenginni umsókn til KSÍ að fá undanþágu og minnka þetta öryggissvæði, en það skal þó aldrei vera minna en 76 x 115 m. Vegna þrengsla umhverfis fyrirhugaðan völl sunnan KA heimilisins er gert ráð fyrir að fá undanþágu á stærð öryggissvæðis og því er gert ráð fyrir að það verði 76 x 115 m.
- Gert er ráð fyrir um 700 m² verönd á milli fyrirhugaðs gervigrasvallar og íþróttahúss KA / KA heimilis.
- Gervigrasvöllurinn verður upplýstur með 4 ljósamöstrum með 500 lúx flóðlýsingu. Möstrin geta verið allt að 21 m há og viðmiðunarstaðsetning er u.þ.b. 10 m inn frá endalínunum og 7 m út frá hliðarlínunum.

Þar sem viðmiðunarstaðsetning beggja mastrana sunnan vallarins (7 m frá hliðarlínu) er í miðjum göngustíg er gert ráð fyrir að möstrin verði um 9 m frá hliðarlínu, á lóðarmörkum lóðar Lundarskóla. Sú kvöð er sett á lóð Lundarskóla að tvö ljósamöstur verði í lóðarmörkum eða innan lóðar. Staðsetning mastra er að öðru leyti frjálss en skal þó vera utan öryggismarka vallar.




BREYTT DEILISKIPULAG.

- Þar sem ljósamöstrin (allt að 21 m) ganga upp fyrir hindrunarflöt Akureyrarflugvallar (18 m) er það skilyrði sett að á topp ljósamastrana verði sett rauð hindrunarljós í samræmi við flugvallarreglugerð 464/2007. Hindrunarljósin skulu loga allan sóláhringinn og vera tengd þannig að ekki verði slökkt á þeim af vanga.
- Við hönnun lýsingar vallarins skal gæta þess að lýsing hafi sem minnst ónæði fyrir íbúa nærst vellinum. Gert er ráð fyrir að lampar verði með ljóshlífum til að minnka glýju og ljósmengun umhverfis völinn.
- Bílastæðum austan KA heimilis fækkar úr 19 í 11 þar sem gervigrasvöllur með öryggissvæði mun ná yfir hluta núverandi bílastæða. Heildarfjöldi bílastæða innan lóðar íþróttasvæðis KA fækkar því úr 77 í 69.
 - Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram lóðarmörkum við Heiðarlund 8 til samræmis við deiliskipulag Dalsbrautar. Vegna þessa minnkar lóð æfingasvæðis KA úr 8.042 m² í 7.784 m². Lóðin er afgirt að hluta en gert er ráð fyrir að lóðin verði öll afgirt. Girðing meðfram lóðarmörkum við Heiðarlund 8 mun hliðrast um 3,5 m til norðurs.
 - Gert er ráð fyrir byggingarreit (F) fyrir tvær færanlegar kennslustofur og tengibyggingar á milli þeirra innan lóðar Lundarskóla, á svæði norðan lóðar leikskólans Lundarsels. Kennslustofur þessar verða nýttar af leikskólanum Lundarseli og er kvöð á lóð Lundarskóla um staðsetningu þeirra á þessum stað. Innan byggingarreits er heimilt að staðsetja tvær færanlegar kennslustofur og tengibyggingu á milli þeirra. Byggingar skulu vera á einni hæð og er hámarks byggingarmagn 150 m². Hæð skal vera að hámarki 4,0 m yfir gólfkóta og er staðsetning innan byggingarreits frjáls.

Skilti innan skipulagssvæðisins skulu vera í samræmi við *Samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar* frá 6. júní 2011.

Þess utan gildir áfram greinargerð og skipulags- og byggingarskilmálar frá 13.11.2008.



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018
MKV. 1:10.000

- SKÝRINGAR
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
 - LÖBARMÖRK
 - NÚVERANDI BYGGINGAR
 - FÆRANLEGA KENNSLUSTOFUR SEM VÍKJA
 - BYGGINGARREITIR
 - A = ÁHORFENDASTÚKA
 - B = LAGNABYGGING
 - C = MARKATAFLA
 - D = MIBASÖLUBYGGINGAR
 - E = LUNDARSKÓLI, 4. ÁFANGI
 - F = FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR
 - BINDANDI BYGGINGARLÍNA
 - ÍÞRÓTTASVÆÐI KA
 - LÖB LUNDARSKÓLA
 - LÖB LEIKSKÓLANS LUNDARSELS
 - GÖTUR
 - GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGAR / STÉTTAR
 - BÍLASTÆÐI / FJÓLDI STÆÐA
 - TRJAGRÖÐUR
 - LÖBARSTÆÐ
 - GIRÐING
 - NÚVERANDI LAGNIR, OFANVATN
 - BREYTT LEGA LAGNA, OFANVATN
 - LAGNIR, SKOLP
 - LJÓSAMÖSTUR

SJÁ JAFNFRAM MEÐFYLJANDI GREINARGERÐ OG SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLA, DAGSETT 13.11.2008.

HEILDARSTÆÐ	FJÓLDI HÆÐA
HÁMARKSHÆÐ	
DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 1. MGR. 43 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010	
FRÁ	TIL
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN	


BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR
DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖÐLAÐIST GILDI MEÐ AUGL. Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN



UNNIÐ FYRIR:
SKIPULAGSDEILD AKUREYRAR/BÆJAR

AKUREYRAR/BÆR - DEILISKIPULAGSBR. KA SVÆÐI - LUNDARSKÓLI - LUNDARSEL

DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR - TILLAGA			
KVARDI-A1: 1:1000		TEIKN NR:	
DAGS:	10.09.2012	HANNAÐ:	ÓMAR
SKRÁ:	KA-LUNDARSK-PL.DWG	VERKNR:	12015



hönnun + skipulag

hafnarstræti 82 | 600 akureyri | 460 4440 | www.x2.is | x2@x2.is
ingvar ivarsson landslagarkitekt flö | ómar ivarsson skipulagsfræðingur stff
460 4442 | 663 5518 | ingvar@x2.is | 460 4441 | 663 0617 | omar@x2.is